

Samtök smáframleiðenda matvæla

- samþykktir -

Nafn og lögheimili

1. grein

Félagið heitir *Samtök smáframleiðenda matvæla*, skammstafað *SSFM*. Félagið er vettvangur *lögaðila* og *einstaklinga* sem *framleiða* eða *láta framleiða* fyrir sig *matvæli* í *atvinnuskyni*, hvort heldur sem sú starfsemi er *aðal-* eða *aukastarfsemi*.

Aðeins sú starfsemi félagsins eða einstaklingsins sem *hefur með framleiðslu og sölu matvæla að gera* fellur undir *SSFM*. Félagið er einnig vettvangur fyrir þá sem eru í virku *undirbúningsferli* fyrir matvælaframleiðslu og þá sem rækta og selja *frumframleiðsluvörur*.

Lögaðilar og einstaklingar sem eru *ekki smáframleiðendur matvæla*, en *styðja markmið félagsins*, geta sótt um *aukaaðild*, óháð stærð. Aukaaðild fylgja hvorki réttindi né skyldur.

Heimili samtakanna og *varnarþing* er hjá *Samtökum iðnaðarins*, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Smáframleiðandi

2. grein

Smáframleiðandi er í samþykktum þessum skilgreindur á eftirfarandi hátt:

Aðili sem við uppgjörsdag er með hreina veltu frá sölu matvæla undir 100.000.000 kr. án vsk.

Þegar velta aðilans fer *yfir* þau mörk, getur viðkomandi aðili *ekki* lengur verið félagsmaður með *fulla aðild* og ber að segja upp þeirri tegund aðildar. Ef hann *styður enn* markmið félagsins getur hann sótt um *aukaaðild*.

Markmið

3. grein

Markmið samtakanna er að stuðla að *öflugra samstarfi* og *auknum samtakamætti* smáframleiðenda matvæla um *land allt*.

Stuðla að kraftmikilli *nýsköpun* og fjölbreyttu *úrvali* hágæða matvæla, þar sem áhersla er á notkun *innlendra hráefna*, aukinn *fjölbreytileika* og *verðmætasköpun*, þróun *nýrra* og *verðmætari* vara og þjónustu úr *vannýttum hráefnum*, að draga úr *kolefnisspori*, auka *sjálfbærni* og fjölga *atvinnutækifærum*.

Tilgangur

4. grein

Tilgangur samtakanna er að vinna að *hagsmunamálum* smáframleiðenda á öllum sviðum, vera *málsvari* þeirra og stuðla að *framförum* í málefnum sem þá varða, þar með talið er varðar vöxt og aðgengi að *mörkuðum*, lágmarkun *kolefnisspors* og *samfélagslegum áhrifum* starfsemi þeirra.

Koma *sjónarmiðum* og *hagsmunamálum* félagsmanna á framfæri, vinna að því að *starfsumhverfi* og *löggjöf* utan um smáframleiðendur gefi þeim færi á að blómstra, *leiðbeina* félagsmönnum varðandi *ráðgjöf* og *stuðning*, skipuleggja *viðburði*, *kynna* félagsmenn og það *úrval* sem í boði er.

Félagsaðild

5. grein

Aðild að samtökunum geta átt þeir *lögaðilar* og *einstaklingar* sem og *félagasamtök* lögaðila og einstaklinga sem stunda *matvælaframleiðslu í atvinnuskyni* og falla undir skilgreininguna í 2. grein.

Félagsmenn *aðildarfélaga* SSFM geta átt beina aðild að samtökunum uppfylli þeir skilyrðin í 2. grein.

Aukaaðild er fyrir þá sem þiggja ekki þjónustu samtakanna, en styðja markmið þeirra og vilja sýna það í verki. Gjald fyrir aukaaðild skal vera *helmingur* af gjaldi fyrir fulla aðild.

Matvælaframleiðsla telst vera *löglega* unnin *matvæli* eins og þau eru skilgreind í lið 18 í 4. gr. laga um *matvæli* nr. 93/1995 og *framleiðsla* eins og hún er skilgreind í 9. lið sömu laga.

Umsókn um *fulla aðild* og *aukaaðild* að samtökunum skal senda í gegnum *vef* samtakanna (ssfm.is/skraning), Facebook Messenger eða skriflega á *netfangið* ssfm@ssfm.is.

Heimilt er að *segja sig úr* samtökunum með því að senda *skriflega* tilkynningu á netfangið ssfm@ssfm.is eða í gegnum FB Messenger. Þeir sem segja sig úr SSFM eiga *ekki* kröfu til neins endurgjalds á framlögum sínum til SSFM og tekur úrsögnin gildi *frá þeim degi* sem hún er móttækin.

Vanræki félagi greiðslu á félagsgjaldi fellur félagsaðild hans niður 30 dögum eftir eindaga kröfunnar. *Brjóti* félagsaðili *samþykktir* samtakanna er stjórn heimilt að *víkja honum úr* félaginu. Slíkri ákvörðun stjórnar getur aðili sjálfur *áfrýjað* til aðalfundar.

Félagsgjald

6. grein

Félagsgjald skal borið undir *aðalfund* til afgreiðslu. Aukaaðild fylgir *ekki* atkvæðisréttur á aðalfundi samtakanna.

Félagsgjald *félagasamtaka* sem eiga aðild að SSFM skal miðast við *fjölda félagsmanna* í þeim samtökum sem *falla undir skilgreiningu* smáframleiðenda í samþykktum þessum og hafa ekki hafnað aðild.

Aðalfundur

7. grein

Aðalfundur skal halda *árlega*, fyrir lok *aprílmánaðar* og er boðaður af formanni stjórnar.

Aðalfundur hefur *æðsta vald* í málefnum samtakanna. Til aðalfundar skal boða með tölvupósti, með minnst *14 daga* fyrirvara. *Aukaaðalfundi* skal halda þegar stjórn telur þess þörf eða þegar meirihluti þeirra er þar eiga seturétt fara fram á það við stjórn samtakanna, innan *28 daga* frá því að stjórnin fær beiðni þess efnis.

Tillögur sem óskað er eftir að teknar verði fyrir á fundinum þurfa að hafa borist stjórn samtakanna a.m.k. *5 dögum* fyrir boðaðan aðalfund á netfangið *ssfm@ssfm.is*. Þær skulu *sendar félagsmönnum* með hæfilegum *fyrirvara*.

Einfaldur meirihluti ræður við *atkvæðagreiðslu* á aðalfundi.

Dagskrá fundarins skal send með *aðalfundarboði*. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Stjórnin boðar til annarra funda með hæfilegum fyrirvara og tilkynnir *dagskrá* í fundarboði.

Aðalfundur skal annað hvort halda á tilgreindum *fundarstað* þar sem þeim sem ekki komast á staðinn er gert kleift að taka þátt í gegnum fjarfundabúnað, eða eingöngu í gegnum *fjarfundabúnað*.

Á aðalfundi skal liggja fyrir fullnægjandi *félagaskrá*.

Á aðalfundi fer hver *skuldlaus* aðili (fulltrúi/fulltrúar reksturs) með *eitt* atkvæði, þ.m.t. þeir sem hafa skráð sig í samtökin á nýju ári, áður en að aðalfundi kemur og hafa þar með ekki haft tæk á að greiða félagsgjald ársins, ef þeir hafa skráð sig minnst 14 dögum fyrir aðalfund. Hver félagsmaður getur að auki farið með að hámarki *umboð frá tveimur aðilum* á fundi og þurfa þau að vera *skrifleg*.

8. grein

Á *dagskrá aðalfundar* skulu tekin fyrir þessi mál:

1. *Skýrsla* um störf samtakanna á árinu.
2. *Reikningar* samtakanna á árinu.
3. *Lagabreytingar*, enda séu þær kynntar í fundarboði.
4. *Kosningar*
 - a. Fimm *stjórnarmenn*, til eins árs, sem skipta með sér verkum.
 - b. Tveir *varamenn* í stjórn, til eins árs.
 - c. Einn félagskjörinn *skoðunarmann*, til eins árs.
 - d. Einn félagskjörinn *skoðunarmann* til vara, til eins árs.
5. Ákvörðun um *félagsgjöld*
6. Ákvörðun um *laun og starfskjör* stjórnarmanna
7. *Önnur* mál

Stjórn og stjórnarkjör

9. grein

Stjórn SSFM skipa *fimm* einstaklingar; *formaður*, *varaformaður*, *gjaldkeri*, *ritari* og *meðstjórnandi*. Stjórn skal kjörin á *aðalfundi* sem skiptir með sér verkum á fyrsta *stjórnarfund* eftir aðalfund. Einnig skulu kosnir tveir menn *til vara*; *1. og 2. varamaður*. *Auðir* atkvæðaseðlar teljast *ekki* til greiddra atkvæða. Stjórnarmenn skulu vera með *fulla aðild* að samtökunum. Heimilt er að ráða *framkvæmdastjóra* sem er utan samtakanna.

Stjórn er heimilt að ráða *framkvæmdastjóra* og skulu verkefni hans vera skilgreind í *starfslýsingu*. Stjórn getur falið honum að sinna *ýmsum þeim verkþáttum* sem stjórnarmenn bera ábyrgð á skv. samþykkt stjórnar, þó *ábyrgð* á þeim liggja enn hjá stjórn. Framkvæmdastjóri getur *komið fram fyrir hönd* samtakanna, ritað *prókúru* o.fl. skv. ákvörðun stjórnar. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að *undirrita skjöl* fyrir félagið, þó í samráði við stjórn. *Meirihluti* stjórnar ritar *firma* þess.

10. grein

Stjórn félagsins fer með *yfirstjórn* þess milli félagsfunda. Framkvæmdastjóri situr fundina en hefur *ekki* atkvæðisrétt. Skytt er að boða til stjórnarfundar ef *tveir* stjórnarmenn óska. Stjórnarfundur skal að jafnaði boða með að *lágmarki viku* fyrirvara en sá tími má vera skemmri ef allir stjórnarmenn *samþykkja* það. Þá skal boða til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Stjórnarfundur er *ályktunarbær* ef 4 af 5 stjórnarmönnum, þ.m.t. varamenn, sækja hann. Ef atkvæði á fundi falla jöfn ræður *atkvæði formanns* úrslitum.

Formaður ber ábyrgð á daglegum rekstri, boðar til stjórnarfunda og aðalfundar og kemur fram fyrir hönd samtakanna. Hann ber ábyrgð á gerð ársskýrslu félagsins sem lögð er fram á aðalfundi til samþykktar. *Formaður* ber ábyrgð á samskiptum við fyrirtæki, stofnanir og samstarfsaðila. Hann ber ábyrgð á erlendu samstarfi.

Varaformaður er staðgengill formanns og gengur í störf hans í forföllum.

Gjaldkeri ber ábyrgð á fjármálum félagsins og skal gera grein fyrir helstu rekstrartölum milli funda. *Gjaldkeri* ber ábyrgð á að reikningar félagsins séu skoðaðir af skoðunarmanni félagsins og lagðir fram á aðalfundi til samþykktar.

Ritari ritar fundargerðir stjórnar og ber ábyrgð á að gagnasafn samtakanna sé í góðu horfi. Hann ber einnig ábyrgð á vef samtakanna, samfélagsmiðlum og hefur umsjón með upplýsingagjöf til félagsmanna.

Meðstjórnandi sinnir ýmsum störfum sem stjórn felur honum.

Eins og fram kemur í 9. grein er stjórn heimilt að fela *framkvæmdastjóra* að sinna þeim verkþáttum sem stjórnarmenn bera ábyrgð á, þó ábyrgð þeirra liggja enn hjá stjórn.

Breytingar á samþykktum

11. grein

Samþykktum þessum má aðeins *breyta á lögætum aðalfundi* með samþykki *2/3 hluta* félagsmanna, enda hafi *lagabreytingartillögur* verið kynntar *minnst 14 dögum* fyrir boðaðan aðalfund.

Slit félagsins

12. grein

Með tillögu um *slit* á SSFM skal fara með á sama hátt og breytingar á samþykktum, að öðru leyti en því að *3/4 hluta* atkvæða þarf til að *samþykkja slit* á félaginu. *Ráðstöfun eigna* skal vera í samræmi við *tilgang* félagsins.

Gildistími

13. grein

Samþykkt á aðalfundi félagsins þann 8. mars 2024. Samþykktir þessar öðlast þegar gildi.

Staðfest á aðalfundi
Samtaka smáframleiðenda matvæla